

Nd.

391. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til laga um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

Háttv. Efri deild hefir gert þá breytingu á frumv. þessu, að hún hefir felt úr orðin í 3. gr.: »þangað til auknir verða kenslukraftar við læknadeild háskólans«, sem Nd. setti inn við 3. umræðu.

Meiri hluti nefndarinnar var þá á móti þessari viðbót og álitur hana geta orðið þess valdandi, að kensla yfirsetukvenna geti fallið niður í bili, og leggur öll nefndin nú til, að frumv. verði nú samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 23. ágúst 1912.

Jóh. Jóhannesson,
form. og framsögum.

Eggert Pálsson,
skrifari.

Ólafur Briem.

Halldór Steinsson.

Jón Jónsson, þm. Rvík.